



Reykjavík – 2
Leyfi nr. 196

Lok núverandi pungaskattskerfis Breyting á álestrartímabili o.fl.

Álestrartímabil 15. júní til 30. júní vegna 2. gjaldtímabils 2005

Núverandi pungaskattskerfi leggst af þann 1. júlí nk. og þess vegna er álestrartímabil vegna 2. gjaldtímabils 2005 fært aftur og verður dagana 15. júní til 30. júní 2005, í stað tímabilsins frá 20. maí til 10. júní nk. Gjald dagi verður 1. júlí 2005 og eindagi 15. ágúst 2005. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með ökutæki, á númerum, til álestrar á álestrartímabilinu áætlað ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjaldtímabilinu. Áætlun pungaskatts vegna fólksbifreiða skal þó vera 8.000 km. Hafi álestur ekki farið fram við innlögn númera eða afskráningu verður akstur áætlaður (32.000/8.000 km).

Bifreiðar og eftirvagnar sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki bifreiðar ætlaðar til fólksflutninga, verða áfram á öku-mæli, sbr. lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Mun því verða farið með þau eins og jafnan hefur verið við gjaldskrárbreytingar, að reiknað er meðaltal aksturs milli álestra og álagning hlutfallsleg í samræmi við það eftir gömlu og nýju gjaldskránni. Ný akstursbók verður afhent þegar mætt er til álestrar á 2. álestrartímabili 2005 og tekur hún gildi 1. júlí 2005. Sömu reglur gilda áfram og verið hefur varðandi skyldu til skráningar á akstri í akstursbók.

Nýtt kílómetragjald frá 1. júlí 2005 fyrir bifreiðar og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
10.000-11.000	0,29	21.001-22.000	6,89
11.001-12.000	0,89	22.001-23.000	7,49
12.001-13.000	1,49	23.001-24.000	8,09
13.001-14.000	2,09	24.001-25.000	8,69
14.001-15.000	2,69	25.001-26.000	9,29
15.001-16.000	3,29	26.001-27.000	9,89
16.001-17.000	3,89	27.001-28.000	10,49
17.001-18.000	4,49	28.001-29.000	11,09
18.001-19.000	5,09	29.001-30.000	11,69
19.001-20.000	5,69	30.001-31.000	12,29
20.001-21.000	6,29	31.001 og yfir	12,89

Uppgjör þungaskatts vegna ökutækja undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd og af bifreiðum ætluðum til fólksflutninga við álagningu fyrir 2. gjaldtímabil 2005

Sé lesið af öikumæli ökutækis sem er undir 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd, eða öikumæli bifreiðar sem ætluð er til fólksflutninga, á tímabilinu 15. til og með 29. júní, skal akstur ökutækisins áætlaður frá álestrardegi til loka álestrartímabils. Aksturinn skal áætlaður þannig að reiknað er út meðaltal ekinna kílómetra á dag á milli álestra og það margfaldað með fjölda þeirra daga er eftir eru af álestrartímabilinu. Á grundvelli þess meðaltals yrði akstur áætlaður til 30. júní. Með þessu móti er álagning þungaskatts tryggð út gjaldtímabilið, en ekki hefði verið unnt að stefna öllum eigendum ökutækja á öikumæli til álestrar sama dag. Til frekari skýringar á ákvæðinu má nefna eftirfarandi dæmi: Lesið er af öikumæli ökutækis 28. júní. Síðasti álestur er frá 10. febrúar. Á þessu 138 daga tímabili hefur ökutækinu verið ekið 6.900 km. Að meðaltali hefur þá ökutækinu verið ekið 50 km á dag (6.900 km/138 dagar). Samkvæmt ákvæðinu bætast þá við 100 km (2 dagar x 50 km) þannig að við álagningu þungaskatts er miðað við 7.000 km akstur. Rétt er að geta þess að hafi eigandi ökutækis látið lesa af öikumæli ökutækis síns snemma á álestrartímabilinu á hann þess kost að láta lesa af öikumælinum að nýju, seinna á álestrartímabilinu, telji hann það sér í hag.

Álestur innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils (innan kærufrests)

Komi gjaldandi, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Þegar mætt er í álestur eftir að álestrartímabili lýkur, þ.e. eftir 30. júní 2005, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að hámarki 10%.

Álestur eftir þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils (utan kærufrests)

Mæti gjaldandi með ökutæki sitt til álestrar eftir að

þrjátíu dagar eru liðnir frá lokum álestrartímabils beittir ríkisskattstjóri, auk 10% álags, sektum, samkvæmt 3. mgr., sbr. 1. mgr. 18. gr., laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, ásamt síðari breytingum. Ríkisskattstjóri hefur sett sér ákveðnar verk-lagsreglur um beitingu sekta utan kærufrests. Sé mætt með ökutæki til álestrar 2. ágúst 2005 eða síðar varðar það sekt, sem hækkar eftir því sem lengra líður frá lokum álestrartímabils í samræmi við eftirfarandi:

1) 2/8 - 8/8	er sektin	kr. 5.000.
2) 9/8 - 15/8	er sektin	kr. 7.500.
3) 16/8 - 22/8	er sektin	kr. 10.000.
4) 23/8 - 29/8	er sektin	kr. 12.500.
5) 30/8 eða síðar	er sektin	kr. 15.000.

Skráning á akstri í akstursbók/sekt

Skylt er að skrá akstur reglulega í akstursbók:

- Ef ökuriti er notaður sem öikumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar öikumæli er ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega, en kílómetrastöðu öikumælisins vikulega.
- Eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem búin eru öikumælum, sem ekki eru nýtt í atvinnurekstri, er einungis skylt að skrá mánaðarlega í akstursbók.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

Endurgreiðsla vegna kaupa á öikumælum

Heimilt er, að uppfylltum nánari skilyrðum, að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa eða nauðsynlegrar endurnýjunar á öikumælum í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín og eru á bilinu 4.000 kg til 9.999 kg að leyfðri heildarþyngd. Hér er átt við öikumæla sem settir eru í framangreindar bifreiðar á tímabilinu frá 18. júní 2004 til 30. júní 2005 og fer endurgreiðslufjárhæð stighækkandi eftir því sem nær dregur 30. júní 2005. Umsókn um endurgreiðslu ásamt afriti fullnægjandi reiknings frá verkstæði skal senda til ríkisskattstjóra, en eyðublað mun liggja frammi á skoðunarstöðvum og einnig verður hægt að nálgast það á upplýsingavef ríkisskattstjóra. Nánari leiðbeiningar er að finna í reglugerð nr. 398/2005, um endurgreiðslu vegna kaupa á öikumælum.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna nánari upplýsingar um olíugjald, uppgjör þungaskatts, nýtt kílómetragjald o.fl.

Slóðin er: www.rsk.is

BIFREIÐAGJALDADEILD RÍKISSKATTSTJÓRA

SÍMI 563 1100 · FAX 563 1290